

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Selfossi, 1. júní 2023
Tilvísun: 2305575

Efni: Umsögn Matvælastofnunar um þingskjal 1181-788 mál (þingsályktun um sérstaka tímabundna ívilnun við endurgreiðslu námslána til lánþega í dýralæknanámi.

Matvælastofnun telur þingsályktunartillöguna vera jákvætt skref fyrir framtíð dýralækninga og dýralækniþjónustu á landinu öllu. Þá væri þetta mikill styrkur fyrir þjónustu við landbúnað og fiskeldi.

Í greinagerð er talað um skort á dýralæknum hér á landi síðustu ár. Matvælastofnun tekur undir þetta og bendir á að oft hefur verið erfitt að fá dýralækna til starfa hjá stofnuninni, sér í lagi íslenskumælandi dýralækna í störfum stofnunarinnar sem krefjast að viðkomandi hafi gott vald á rituðu og töluðu íslensku máli. Á síðustu árum hafa komið upp þau tilfelli að engar umsóknir hafi borist um auglýst störf dýralækis við stofnunina. Einnig hafa komið upp tilfelli þar sem að ekki var hægt að manna opinberar vaktir sjálfstætt starfandi dýralækna. Stækkandi greinar líkt og fiskeldi og nýsköpun á nýtingu á dýraafurðum kalla á sérfræði kunnáttu dýralækna. Þessi fyrirtæki eru oft staðsett í dreifðari byggðum landsins. Til þessa hafa t.d. fiskeldisfyrirtæki í sumum tilfellum þurft að ráða til sín dýralækna í ráðgjöf erlendis frá. Betra væri ef þeir væru staddir hér á landi og þá helst í návígi við eldisstöðvarnar. Einnig er fyrir séð að það verði skortur á dýralæknum í fiskeldi vegna ört vaxandi umfangs greinarinnar hér á landi.

Erfitt hefur verið að fá dýralækna til að setjast að í afskekktari byggðum m.a. vegna ótryggs vinnuöryggi og mikillar vaktaskyldu. Tillagan gæti stuðlað að því að dýralæknum finnist fýsilegur kostur að setjast að í dreifðari byggðum. Með þessum hvata myndu jafnvel fleiri dýralækna koma aftur til Íslands eftir nám og því fleiri dýralækna sem eru í landinu myndar meiri hvata til atvinnusköpunar á þáttum sem þjónustudýralækna hafa ekki haft tíma til að sinna. Dæmi um þessa þætti eru fyrirbyggjandi ráðgjöf og smitvarnir á búum. Smitvarnir eru lykilþáttur í að varna því að sjúkdómur komi upp og getur sparað mikið fjármagn að beita fyrirbyggjandi aðgerðum. Hætta af smitsjúkdómum hefur aukist nú þegar landamæri eru opnari en áður var. Þannig gætu fleiri en einn dýralæknir sest að á hverju svæði og skipt með sér vöktum og jafnvel vinnuaðstöðu. Mikil hagræðing væri af slíku og betra vinnuumhverfi.

Dýralækningar eru langt nám, sem einungis er hægt að sækja út fyrir landsteinana. Þetta langa nám erlendis leiðir af sér há námslán þar sem mikil óvissa ríkir um heildar upphæð námslána útaf flökki á gengi krónunnar. Matvælastofnun er kunnugt um að í öðrum löndum innan Evrópu þar sem enginn dýralæknaháskóli er til staðar svo sem á Möltu, fá dýralækna ríkisstyrk til að sækja nám erlendis en skuldbinda sig til að vinna ákveðin störf eða í ákveðinn tíma við heimkomu. Ennfremur má benda má á að í Noregi og Danmörku tíðkast að namar njóti niðurfellingar hluta námslána.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar

Viktor S. Pálsson